

56. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 10. mars 2004 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

- a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
Undirbúningur fyrir næsta skólaár er í gangi þessa dagana, vinnu hefur miðað vel. Breytingar verða sem tengjast brotthvarfi framhaldsdeildar og þýða fækkun stöðugilda. Einnig ýmsar breytingar sem verða innanhúss sem þýða að ekki þarf að fara í kennarauppsagnir.
Gunnar fór yfir húsnæðismál grunnskólans og gerði grein fyrir því að bærinn fái til afnota það húsnæði sem framhaldsdeildin hefur verið í. Grunnskóli og tónlistarskóli munu bæta nýtingu á skólahúsnæðinu við Skólastíg og þar verða þá næsta skólaár 1.-5. bekkur. 6.-10. bekkur verða þá í skólanum við Borgarbraut.
Undirbúningur árshátíðar er í fullum gangi. Yngri bekkir verða með sín atriði miðvikudaginn 17. mars nk. og eldri bekkir fimmtudaginn 18. mars og ball verður haldið í félagsmiðstöðinni að loknum atriðum eldri bekkja. Breyting verður á sniði árshátíðarinnar þannig að kökuveislan fellur niður.
Lionsklúbburinn hér í Stykkishólmi bauð nemendum í 4.-6. bekk grunnskólans á leiksýningu um Landnám Íslands sem Stop-leikhópurinn stóð fyrir.

Fyrirspurn kom fram um fund skólameistara Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem haldinn var með 10. bekkingum og framhaldsdeild. Mat manna er að fundurinn hafi tekist vel og viðhorf sé orðið jákvæðara hjá væntanlegum nemendum. Einnig rætt um núverandi nemendur héðan sem stunda nám í FVA hvort þeir geti ekki klárað sitt nám þar. Skólastjóri gerði grein fyrir því að svo væri.

- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.
Byrjað er að taka við umsóknum fyrir næsta haust og undirbúningur hafinn fyrir næsta skólaár.
14 börn hætta í leikskólanum í sumar og fara í 1. bekk grunnskólans. Frekari fækkun skýrist ekki fyrr en nær dregur sumarlökun sem verður frá 5. júlí og opnað verður aftur 9. ágúst.
Leikskólanum hefur verið boðið á generalprufu yngri bekkja fyrir árshátíð þeirra í næstu viku. Kennari fyrsta bekkjar kemur í heimsókn í skólastund elstu nemenda í næstu viku. Tveir tónfundir voru haldnir þar sem hluti 1. bekkjar kom í heimsókn með blokkflauturnar sínar og litla lúðrasveitin kom í heimsókn. Í þessum heimsóknum flutti hópur elstu nemenda leikskólans frumsamið tónverk fyrir gestina.
Undirbúningsnefnd vegna byggingar nýs leikskóla bað starfsfólkið um að vinna gátlista vegna nýs leikskóla og er vel farið yfir það sem starfsfólk telur

nauðsynlegt að sé til staðar og ánægja er með að þessi undirbúningur er unnin í samstarfi við leikskóla.

Leikskólinn er einnig að klára sína vinnu við forvarnaráætlunargerð.

Verið er að vinna að skólanámsskrá leikskólans og er stefnt að því að skólanámsskráin verði klár næsta haust.

Fyrirspurn kom fram um hvernig staðsetningin á nýjum leikskóla legðist í fólk. Ánægja er með staðinn, nóg pláss og ýmsir möguleikar fyrir hendi.

Fyrirspurn kom fram um forvarnarvinnuna. Fulltrúi leikskóla í forvarnarhóp gerði grein fyrir stöðu mála. Verið er að safna saman upplýsingum frá þeim aðilum sem að þessum málum koma. Skólastjóri grunnskóla gerði einnig grein fyrir vinnunni í grunnskólanum og sagði að þessi vinna sé af hinu góða. Stefnt er að því að forvarnaráætlun verði tilbúin 1. apríl.

2. Önnur mál.

- a) Erindisbréf nefndarmanna.
Formaður fór yfir stöðu mála, málið er áfram í vinnslu.
- b) Rætt var um stöðu á framkvæmdum við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Einnig rætt um hvenær farið verður í kennararáðningar við skólann.
- c) Rætt um hvernig grunnskólinn hér kom út í síðustu könnun í Olweus verkefninu. Rætt um vinnuna sem er í gangi.
- d) Rætt um framtíðaráform í húsnæðismálum grunnskóla.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),

Egill V. Benediktsson (sign.),

Gunnar Svanlaugsson (sign.),

Katrín Pálsdóttir (sign.)

Halla Dís Hallfreðsdóttir (sign.)

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Ingibjörg H. Benediktsdóttir (sign.),

Linda S. Sigurðardóttir (sign.),

Sigrún Þorsteinsdóttir (sign.).